

Reglugjörð

8
22. jan.

fyrir samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. kafli.

Félagið sjálf og stjórn þess.

1. gr.

»Samábyrgð Íslands á fiskiskipum«, sem í reglugjörð þessari er nefnd »Samábyrgðin«, er váttryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð og er markmið þess gagnkvæm samábyrgð og endurtrygging á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland, en þar til telst hverskonar veiðiskapur, t. d. einnig hvalaveiðar og hákarlaveiðar, eða á annan hátt til þjónustu við þær veiðar, þar á meðal til flutninga við Ísland.

Félagið er sett á stofn samkvæmt lögum 30. júlí 1909 og tekst það á hendur:

- a. Endurtrygging á alt að því $\frac{2}{5}$ af tryggingarhæfu verði fyrir islenzk ábyrgðarfélög báta og skipa, þau er sjálf taka þátt í áhættunni á $\frac{2}{5}$ hlutum að minsta kosti af verði skipanna og krefjast sjálfsábyrgðar á $\frac{1}{5}$ hluta verðsins að minsta kosti.
- b. Beina váttrygging á bátum og skipum, alt að $\frac{8}{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.
- c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða, — alt með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í reglugjörð þessari og í samningum og ákvörðunum samkvæmt henni.

Meðlimur félagsins er hvert það váttryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð eða skipseigandi, sem váttrygt hefir í félaginu.

2. gr.

Heimili og varnarþing Samábyrgðarinnar er í Reykjavík.

Fyrir kröfum á hendur félaginu er aðeins aðgangur að félaginu sjálfu, en ekki hverjum einstökum meðlim þess, og má beina slíkum kröfum gegn framkvæmdarstjóranum fyrir hönd Samábyrgðarinnar. Kröfum skal lýsa á skrifstofu Samábyrgðarinnar.

8 Meðlimir félagsins — hvort heldur eru einstakir menn eða váttryggingar-
 22. jan. félög — ábyrgjast með eignum þeim, sem váttrygðar eru, hver gagnvart öðrum, að Samábyrgðin standi í skilum, og er ábyrgðin ákveðin í hlutfalli við þann hluta af váttrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Vegna ábyrgðar landssjóðs eru aukaiðgjöldin takmörkuð þannig, að þau mega ekki nema meiru en helming hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt; um útreikninginn á aukaiðgjöldum sjá III. kafla og iðgjaldaskrána.

3. gr.

Samábyrgðinni stjórnar nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og jafnframt formaður og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu váttryggingarfélög, sem Samábyrgðin er í samvinnu við.

Þegar ársiðgjöld Samábyrgðarinnar, auk endurtryggingariðgjalda, fara fram úr 35000 kr. og varasjóðurinn nemur meiru en 50000 kr., skal semja nýja reglugjörð, er veiti váttryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi félagsins, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá litiðsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Í forföllum gæzlustjóranna, eða ef sæti þeirra verður laust áður en kjörtíminn er á enda, setur stjórnarráðið menn í stað þeirra um stundarsakir til þess að gegna störfum þeirra.

Stjórnarráðið skipar endurskoðanda og ákveður laun hans.

4. gr.

Stjórnarnefndin skal eiga fund með sér svo oft sem formanni þykir þörf á, þó venjulega ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði um veiðitímann.

Ályktun stjórnarnefndar er gild ef tveir nefndarmenn að minsta kosti greiða atkvæði með henni.

Gjörðabók skal halda á fundum stjórnarnefndarinnar og hún undirskrifuð af þeim nefndarmönnum, sem viðstaddir eru.

5. gr.

Stjórnarnefndin fer með það vald, sem Samábyrgðin nefir lögum samkvæmt, nema öðruvísi sé ákveðið.

Stjórn félagsins skal áður en mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu stutt yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðanda.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lizt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

8
22. jan.

Stjórn félagsins skal gjöra sér alt far um að útvega endurtryggingu með svo góðum kjörum sem unt er, að svo miklu leyti sem ákveðið er í lögum 30. júlí 1909 eða stjórnarnefndin telur nauðsynlegt eða heppilegt. Fyrsti samningurinn um endurtryggingu er þó gjörður af stjórnarráðinu fyrir hönd Samábyrgðarinnar samkvæmt ákvæðinu í upphafi 2. gr. téðra laga.

Stjórnarnefndin tekur ákvörðun um skipun umboðsmanna og virðingarmanna eftir tillögum framkvæmdarstjóra. Hún ákveður einnig með hvaða kjörum bæði þeir og önnur sú aðstoð, sem þörf er á, skuli vera tekin.

Stjórnarnefndin hefir eftirlit með skaðabótgreiðslu og tekur yfirleitt þátt í ákvörðunum um meiri háttar málefni, er stjórn félagsins varða, svo sem váttryggingarskilyrði, notkun og ávöxtun peningaforðans og höfuðstóls og vaxta varasjóðs, ennfremur um lántöku innan hinnar lögákveðnu landssjóðsábyrgðar, ákvörðun aukaiðgjalda o. þ. h.

6. gr.

Hvert það skjal, sem skuldbinda á Samábyrgðina, verður að vera undirskrifað af formanni og öðrum gæzlustjóranna.

Bréf viðvikjandi daglegum störfum Samábyrgðarinnar (þar með talin ábyrgðarskirteini fyrir hverri einstakri beinni váttryggingu) undirskrifar framkvæmdarstjóri (formaður). Hann sér einnig um og hefir á hendi bókfærslu, fjárvörzlu og reikningshald Samábyrgðarinnar.

Að minsta kosti einu sinni á hverjum ársfjórðungi skal stjórnarnefndin gæta að peningaforðanum og öðrum eignum félagsins og gjöra athugasemd um það í gjörðabókinni. Hún úrskurðar og þá liði í ársreikningnum, sem endurskoðunin hefir gert athugasemd við.

Reikninginn skal birta opinberlega og á hann ásamt athugasemdum endurskoðanda að liggja frammi til sýnis fyrir almenning á skrifstofu Samábyrgðarinnar í 14 daga eftir að það hefir verið auglýst í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

7. gr.

Váttryggingarárið telst frá 1. janúar til desembermánaðarloka.

Þá er ársreikningur er saminn, skal telja ólokna skaðabætur og aðrar skuldbindingar frá því ári og flytja til næsta árs með þeirri upphæð, sem þær eru virtar til eftir málavöxtum og undanfarandi reynslu. Fari svo, að meðlimirnir eitthvert ár verði vegna svika eða af líkum ástæðum að sæta ábyrgð á upphæð, sem að réttu lagi snertir eitthvert undanfarið ár, má þó krefjast þess, að upphæðin verði endurgoldin af meðlimum félagsins það ár, sem upphæðin varðar, að svo miklu leyti, sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til hennar.

II. kaflí

Vátryggingarkjör og skaðabótaskilyrði.

8. gr.

Í Samábyrgðina má taka:

A. *Íslensk ábyrgðarfélög* báta og skipa, sem hafa lög sín staðfest af stjórnarráði Íslands. Þó mega regluleg ársiðgjöld í félögum þessum fyrir skip, sem vátryggja á í Samábyrgðinni, ekki fara niður úr 3% af vátryggingarfénu. Fyrir hvert skip skal ennfremur greiða í varasjóð í reikning skipsins um leið og það er vátrygt í Samábyrgðinni 1% af vátryggingarfénu; en fjárhæð þessi greiðist aftur sem uppbót, þegar skipið gengur úr vátryggingu, ef það hefir enga skaðabótakröfu gjört, sem Samábyrgðinni ber að svara til, meðan það var vátrygt.

Milli Samábyrgðarinnar og félags, sem óskar að verða meðlimur hennar, skal gera samning um þau sérstaklegu skilyrði, sem sett eru fyrir töku þess í Samábyrgðina. Þó má ekkert í slíkum samningi koma í bága við reglugjörð þessa. Ef samningnum er ekki sagt upp fyrir 1. október, telst hann endurnýjaður fyrir næsta ár.

Eigendur hinna vátrygðu skipa og Samábyrgðin hafa engin viðskifti, því að ábyrgðarfélögin koma ein fram bæði gagnvart eigendunum og Samábyrgðinni.

Samábyrgðin tekur að sér þann hluta af áhættunni á skipum, vátrygðum í íslenskum ábyrgðarfélögum, sem fer fram úr því, er félög þessi samkvæmt lögum sínum mega sjálf taka ábyrgð á, og því, sem þau krefjast sjálfsábyrgðar á. Skylt er ábyrgðarfélögum þeim, sem eru meðlimir Samábyrgðarinnar, að láta henni í té þenna hluta áhættunnar og Samábyrgðinni að taka við honum.

Svo fljótt sem unt er skal senda Samábyrgðinni skýrslur um ábyrgðir þær, sem fluttar eru yfir til hennar, og skal það í síðasta lagi gjört 4 vikum eftir byrjun vátryggingarársins, en síðan vikulega. Skýrslur þessar skal rita á endurtryggingarskrár, sem til þess eru ætlaðar.

Afrit af ábyrgðarskirteinum og virðingargjörðum skal senda Samábyrgðinni svo fljótt sem unt er.

Hvert ábyrgðarfélag um sig framkvæmir sjálft alt það, er lýtur að upptöku skipa til vátryggingar og virðingu þeirra og ber sjálft allan þann kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðurinn við stjórn ábyrgðarfélaga þessara er Samábyrgðinni og algjörlega óviðkomandi.

Til grundvallar fyrir hverri vátryggingu skal leggja vátryggingarkjör og skaðabótareglur hinna einstöku ábyrgðarfélaga, þar sem það ekki kemur í bága við reglugjörð þessa eða ákvæði þau, sem sett eru samkvæmt henni. Samábyrgðin er bundin við lög ábyrgðarfélaga þeirra, sem eru meðlimir hennar, og framkomu félaganna samkvæmt lögnum. Þó skulu félögin fá samþykki Samábyrgðarinnar til þess að höfða mál gegn öðrum út í frá, enda getur Samábyrgðin krafist þess, að félagið sjálft beri tjón það, sem af því leiðir, að ekki hefir verið leitað ráða Samábyrgðarinnar í þessu efni eða ekki farið eftir þeim.

Ákvörðun skadabóta, sem gerð er samkvæmt lögum hinna einstöku **S** ábyrgðarfélaga, er bindandi fyrir Samábyrgðina. Þó verður að fá samþykki Sam- 22. jan. ábyrgðarinnar, ef ákveða á skadabætur eftir sanngirni, með samningi, gerðardómi eða lögsókn, og fer svo sem áður segir, ef vanrækt er að fá samþykkið.

Senda skal Samábyrgðinni eftirrit af skadabótamatinu og greiðir hún hlutfallslega sinn hluta af skadabótunum, að frádregnum 2% af þeim hluta tryggingarfjárhæðinnar, sem hún hefir ábyrgst.

B. Gufu-, mótör- og seglskip, sem ekki eru vátrygd í íslenskum ábyrgðarfélögum, og verða eigendur þeirra sjálfir að bera ábyrgð á $\frac{2}{10}$ (20%) af verði skipanna að minsta kosti, sem hvergi má vátryggja.

C. Afla, veiðarfæri og útbúnað fiskiskipa.

Hver sem vill fá beina vátrygging á skipi í Samábyrgðinni, verður að snúa sér til umboðsmanns Samábyrgðarinnar á þeim stað, þar sem heimilisfang skipsins er, ef skipið er þar og Samábyrgðin hefir nokkurn umboðsmann þar. Ef Samábyrgðin aftur á móti hefir þar engan umboðsmann, eða skipið er ekki heima á þeim tíma, er vátryggingar er beiðst, getur vátryggingarbeiðandi snúið sér til næsta umboðsmanns eða til aðalskrifstofunnar. Eftir tilhlutun umboðsmannsins eða aðalskrifstofunnar, ef til hennar hefir verið leitað, er skipið síðan skodað og virt af virðingarmönnum Samábyrgðarinnar, eftir atvikum ásamt sérfróðum manni sendum af aðalskrifstofunni. Ef virðingarmaður óskar vátryggingar, verður að setja annan áreiðanlegan mann í stað hans til þess að taka þátt í virðingunni.

Þá er virðingin er um garð gengin og virðingarmennirnir hafa gefið út vottorð um það, verður vátryggingarbeiðandi að undirskrifa með eigin hendi beiðni um vátryggingu til eins árs frá þeim degi, sem beiðnin er afhent umboðsmanninum. Þann dag, sem vátryggingin byrjar, verður skipið að vera í öruggri höfn eða skipalægi. Dagurinn reiknast frá kl. 12 á miðnætti til kl. 12 á miðnætti. Eyðublöð undir vátryggingarbeiðnir fást hjá umboðsmönnum Samábyrgðarinnar og á aðalskrifstofunni. Í vátryggingarbeiðnina skal setja lýsingu á því, sem vátrygt er. tryggingarfjárhæðina og vátryggingarféð, og á vottorð virðingarmanna að fylgja henni. Ef Samábyrgðin tekst á hendur vátrygginguna, gefur aðalskrifstofan út endurrit af vátryggingarbeiðninni; er það afhent vátryggjanda um leið og hann greiðir iðgjaldið; og er síðan fullgilt vátryggingarskirteini gagnvart Samábyrgðinni.

Frumritið af beiðninni og vottorð virðingarmanna sendir umboðsmaður aðalskrifstofunni.

Við eigendaskifti er farið að á sama hátt sem við nýja vátryggingu. Má þá endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma, sem ábyrgðarskirteinið átti eftir að gilda, að frádregnum $\frac{1}{4}$ % af vátryggingarfénu. Þó fellur öll iðgjaldaendurgreiðsla niður, ef skadabætur á því ári nema meiru en helmingi hins greidda ársiðgjalds.

Skip, sem sögð hafa verið úr eða þegar eru gengin úr vátryggingu, verða einungis tekin aftur gegn því, að fyrir þau sé greitt fult inngöngugjald og iðgjald. Þegar skip gengur úr vátryggingu, falla til varasjóðs 10% af því, sem inni stendur í reikningi skipsins.

8 22. jan. Þegar virðing hefir ekki farið fram á ný. Ef ný virðing hefir aftur á móti farið fram, er gefið út nýtt ábyrgðarskirteini.

Vátryggja má 80 % af virðingarfjárhæðinni og minni hluta af henni.

Samábyrgðinni er heimilt, ef hún finnur ástæðu til þess, að neita að vátryggja skip nema fyrir litlum hluta af virðingarfjárhæðinni.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15000 kr. fyrir einstakt far og 5000 kr. tryggingu á afla, veiðarfærum og útbúnaði á einstöku skipi.

Endurvirðing fer fram árlega, þegar skipin koma í höfn og þau geta orðið skoðuð.

Allan kostnað við virðingu og endurvirðingu skipa bera eigendur þeirra.

Skipstjórar á hinum vátrygðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir eru fyrir, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingafæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótur í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgðinni, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúminu mega ekki vera nein slík tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegir eru við rekstur og gæzlu mótorsins.

9. gr.

Samábyrgðin bætir tjón það og skaða, er hlutir þeir, sem flokkaðir eru undir A. og B. í 8. gr., kunna að verða fyrir af völdum storms og annars óveðurs, af strandi, af því að skip ber á sker eða grunn, eða því hvolfir, af skipbroti, ásiglingu, árekstri, brotsjó, eldi og samrekstri við fasta hluti eða fjótandi á sjónum.

Fyrir tjón á mótur og öðrum vélum, gangskrúfum, öxlum, vindum og alls konar skipsbúnaði verða skaðabætur einungis greiddar, ef skip strandar eða ber á sker eða grunn eða það verður fyrir tjóni af árekstri eða eldsvoða, og þó því að eins, að það sannist, að tjónið á skipsbúnaðinum stafi ekki af sliti eða slíkri bilun, að hann geti ekki talist að hafa verið í gildu og sjófæru standi.

Ef segl skemmast eða fúna eða þeim er svipt burtu af stormi, ef akkeri, kaðlar, járnfestar eða dragreipi skemmast eða brotna, enn fremur ef stýfa verður síðar í burtu það, sem skemst hefir, rifnað, slitnað eða brotnað, þá skoðast það sem slit og eru engar skaðabætur greiddar fyrir það.

Fyrir tjón, sem stafar af því, að sigluviðir brotna eða fastareiði slitnar, skal aftur á móti greiða skaðabætur. Ennfremur greiðast skaðabætur fyrir tjón á akkerum, járnfestum og landfestum, er skoðast sem sameiginlegt sætjón (havari grosse). Akkerisfestar og akkeri fiskiskipa teljast til fiskiáhalda, þegar þau eru notuð á fiskimiðum, og falla þá ekki inn undir þessa vátryggingu.

Öll skip og bátar, sem váttrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða, ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með f á n a, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega ekki þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi, sem þau eru í.

10. gr.

Þegar skip, sem váttrygt er beint af samábyrgðinni, verður fyrir áfalli sem Samábyrgðinni ber að bæta, er skipstjóri skyldur til að skýra tafarlaust umboðsmanni Samábyrgðarinnar í því héraði, þar sem slysið hefir viljað til eða skipið hefir leitað að landi vegna bilunar, frá því, er að höndum nefir borið, eða ef enginn umboðsmaður er þar, þá að senda aðalskrifstofunni í Reykjavík skýrslu um málið með símskeyti (simnefni: »Samábyrgðin«) eða á þann hátt, er það verður fljótast gert.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gjöra alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóninu, svo að það verði sem allra minst. Þeim ber og að fara eftir þeim ráðstöfunum, sem aðalskrifstofa Samábyrgðarinnar eða umboðsmaður hennar kynnu að gjöra í því skyni.

Á váttryggjendum hvílir skylda til þess að færa fram sönnur fyrir tjóninu og hve miklu það hefir numið.

Skipstjóri er skyldur til að gefa nákvæma skriflega skýrslu um atburðinn að drengskap viðlögðum og með eiðstilboði, og auk þess að láta í té allar þær upplýsingar, er orðið geta til leiðbeiningar við matið á skaðabótaskyldu Samábyrgðarinnar. Skýrsluna skal tafarlaust senda aðalskrifstofu Samábyrgðarinnar og á hún að vera undirskrifuð af allri skipshöfninni, auk skipstjóra. Ennfremur ber að gefa skýrslu fyrir yfirvaldi því, er næst býr.

Umboðsmaður Samábyrgðarinnar á þeim stað, þar sem skipið hefir leitað að landi vegna bilunar, annast um, að tjónið verði metið af virðingarmönnum Samábyrgðarinnar svo fljótt sem auðið er og áður en byrjað er á viðgerðinni, og að matsgjörðin verði að því búnu þegar send aðalskrifstofunni. Í matsgjörðinni á að standa:

- a. Lýsing á biluninni.
- b. Áætlun um, hvað viðgerðin muni kosta eða útvegum á nýjum munum í stað þeirra, er skemst hafa eða farist.
- c. Verð hinna skemdu muna, eins og þeir eru, er útvega verður aðra nýja í staðinn fyrir, og
- d. Hæsta dagatala, sem ganga á til viðgerðarinnar.

Öll skjöl og reikninga, er þetta mál snerta, skal senda aðalskrifstofunni,

8. Ákveður hún skaðabæturnar svo fljótt sem auðið er samkvæmt skaðabótareglum 22. jan. þessarar reglugjörðar og með nákvæmri hliðsjón af matinu á tjóninu og virðingargjörðinni, sem váttryggingin er miðuð við. Þvínæst er skaðabótunum ávísað til útborgunar.

11. gr.

Skip má ekki dæma ónýtt vegna þess, að efni og tæki vanta til aðgerðar á því, fyr en leitað hefir verið úrskurðar Samábyrgðarinnar um, hvort reynt skuli að koma ski inu til aðgerðar.

Ennfremur er ónýtingarúrskurður (kondemnation) um skip því að eins bindandi fyrir Samábyrgðina, að verð skipsins, í því ástandi sem það er, að viðbættum viðgerðarkostnaðinum á bilun þeirri, er það hefir orðið fyrir, fari fram úr váttryggingarfénu.

Um mótorbáta og mótorskútur gildir ennfremur það sem hér segir:

Ef báturinn verður fyrir sætjóni, er ónýtingarúrskurður um bátinn eða mótörinn því að eins bindandi fyrir Samábyrgðina, að verð bátsins eða mótorsins að viðbættum viðgerðarkostnaðinum fari fram úr váttryggingarfénu, sem ákveðið er í váttryggingarskírteininu fyrir bátinn eða mótörinn, og Samábyrgðin áskilur sér rétt til, ef annaðhvort báturinn eða mótörinn verður fyrir ónýtingarúrskurði, að setja annan nýjan í staðinn.

12. gr.

Þá er um algerðan skiptapa er að ræða, en þá eru skaðabæturnar alt váttryggingarféð að frádregnu verði þess, er bjargað kynni að hafa verið, ber þeim váttryggjanda að láta við móttöku skaðabótanna af hendi við Samábyrgðina váttryggingarskírteinið kvittað með öllum þess réttindum.

Þegar skaðabætur eru aftur á móti aðeins greiddar fyrir nokkurn hluta og váttryggingarskírteinið gildir áfram fyrir þann tíma, sem til var ætlast, er gefin sérstök kvittun fyrir móttöku skaðabótanna.

Fyrir gufuskip og seglskip gilda þeir frestir fyrir afsölu þeirra í hendur váttryggingarfélaganna gegn greiðslu váttryggingarfjárnsins, (abandonfrister), sem á hverjum tíma eru ákveðnir í ábyrgðarskírteinum sjóváttryggingarfélaganna í Kaupmannahöfn. Fyrir önnur skip er ákveðinn 3 mánaða frestur.

Ef um árekstur er að ræða, er váttryggjandi skyldur til að gefa Samábyrgðinni umboð til þess fyrir sína hönd að skjóta því til úrskurðar dómstólanna, hver eigi að greiða skaðabæturnar.

Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarfjárhæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af hálfu váttryggjanda til þess að komast hjá meiru tjóni, eða bjarga öðrum eigum váttrygðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2% af tryggingarfjárhæðinni, en þó eigi yfir 300 kr.

Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vitavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20% af skaðabótafénu. Hafi váttryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vitavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um

skaðabótaskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af 8
 skaðabótunum, sem þarf til að greiða lán af almannafé, þar með talin lán úr 22. jan.
 islenskum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða
 bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $\frac{3}{5}$ tryggingarfjárhæðarinnar,
 og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er.

Þá er reiknaðar eru út skaðabætur fyrir bilun á *seglskipum*, skal draga
 frá fyrir fyrningu:

- a. Fyrir bilun á skipsskrokknum
 - 1) Þegar skipið er 1—6 ára gamalt $\frac{1}{6}$
 - 2) Þegar skipið er eldra en 6 ára $\frac{1}{4}$
- b. Fyrir bilun á mótorum ásamt vindum, skúfu og öðrum vélaútbúnaði, er
 þeim fylgir
 - 1) Þegar vélaumbúnaðurinn er 1—2 ára gamall $\frac{1}{6}$
 - 2) Þegar hann er eldri en 2 ára $\frac{1}{3}$
- c. Fyrir bilun á mótorkænum, er fylgja þilskipum
 - 1) Þegar mótorkænan er 1—2 ára gömul $\frac{1}{6}$
 - 2) Þegar hún er eldri en 2 ára $\frac{1}{3}$
- d. Fyrir bilun á seglum, köðlum, mótorausum skipsbátum og öðrum skips-
 búnaði $\frac{1}{3}$
 þó er ekkert dregið frá ef um akkeri er að ræða, ef skaðabætur eru á
 annað borð greiddar fyrir þau (sjá síðar).
- e. Fyrir bilun á siglutrjám og sigluviðum, þegar þau eru meira en 2 ára
 gömul $\frac{1}{3}$
- f. Fyrir bilun á festum og bátsdrekum $\frac{1}{6}$
- g. Fyrir bilun á málningu og gyllingu $\frac{1}{3}$

Við útreikning skaðabótanna fyrir bilanir þær, sem nefndar eru í staflíð-
 unum a, b og c, er aldur skipsins talinn frá þeim degi, er það í fyrsta sinn hóf
 siglingu, og aldur mótorsins og vélaumbúnaðs þess, er honum fylgir, frá þeim
 degi, er mótörinn var settur nýr í skipið. Ef mótörinn hefir ekki verið nýr,
 þegar hann var settur í skipið, verður að taka það skýrt fram og skýra frá
 aldri hans í virðingarvottorðinu, sem lagt er til grundvallar fyrir váttryggingunni.

Fyrir bilun á skipsskrokknum, er stafar af ofviðri úti á rúmsjó, eru að-
 eins greiddar skaðabætur að $\frac{2}{3}$ hlutum, eftir að frádráttur sá hefir verið gerður,
 sem nefndur er í staflíð a.

Frá skaðabótafjárhæðinni er ávalt dregið það verðmæti, sem liggur í
 hinum biluðu munum, eins og þeir eru.

Lækkun sú, sem reglugjörðin fyrirskipar að gjöra á skaðabótum fyrir
 bilun á skipsskrokknum ($\frac{1}{6}$) og fyrir bilun á siglutrjám og sigluviðum ($\frac{1}{3}$),
 fellur niður fyrstu 5 árin við þau skip, sem hafa verið flokkuð eða hafa
 fengið vottorð um að smíð þeirra hafi verið háð eftirliti, sem Samábyrgðin
 hefir tekið gilt.

Fyrir leka skal einungis greiða skaðabætur þá er hann stafar af því, að
 skipið hefir rekist á, nema um sameiginlegt sætjón (havari grosse) sé að ræða.

8 Fyrir botnmálningu, sem er eldri en 6 mánaða, greiðast einungis hálfar
22. jan. skaðabætur, en fyrir botnmálningu, sem eldri er en 1 árs, greiðast engar skaðabætur.

Þá er bátur þilskips, hvort sem hann er með mótör eða ekki, bilar eða ferst eftir að út úr höfn er komið, verður tjónið einungis bætt, ef það hefir að borið annaðhvort meðan báturinn var reyrdur á þilfari eða hengdur upp undir bjálka eða meðan verið var að nota hann til fiskiveiða (t. d. til þess að flytja eða sækja veiðarfærin). Aftur á móti er báturinn ekki vátrygður, þegar fiski er hætt og hann liggur ónotaður við skipið, og heldur ekki þegar hann er hafður í eftirdragi á siglingu. Ennfremur er það skýlaust ákveðið, að fyrir tjón það, sem kann að verða á bátnum, meðan verið er að draga hann upp í skipið, verða ekki greiddar skaðabætur, nema báturinn sé dreginn upp jafnskjótt sem búíð er að nota hann.

Um skip, sem klædd eru utan með málmþynnum, er það ákveðið, að málmþynnuleggingin skuli ekki vátrygd með, svo að allar þær skemdir, sem á henni kunna að verða, eru Samábyrgðinni öldungis óviðkomandi. Sama er og að segja um allan þann kostnað, er hlýzt af því, að taka verður í burtu málmþynnuhúðina til þess að gert verði við skipið og setja hana á aftur.

Samábyrgðin ber ekki ábyrgð á því tjóni, er vátrygt skip verður fyrir meðan það er notað til annars en fiskiveiða, fiskiflutninga eða björgunar á mannlífum, sbr. þó ákvæðið um að hjálpa úr háska öðrum skipum, sem vátrygd eru í Samábyrgðinni eða öðrum félögum, sem samið hafa við Samábyrgðina um slíka hjálp. Ennfremur er leyft að draga skip og takast á hendur smávegis vöruflutninga.

Skaðabætur fyrir tjón á *gufuskipum* eru reiknaðar út eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma er farið eftir af sjóvátryggingarfélagunum í Kaupmannahöfn.

Þegar gert er við þilskip vegna bilunar, sem snertir Samábyrgðina, greiðir hún skipstjóranum 4 kr. á dag fyrir daglega umsjón og aðstoð meðan á viðgerðinni stendur, þó ekki fram yfir þá dagatölu, sem ákveðið er í matsgjörðinni, að ganga þurfi til viðgerðarinnar, nema það sannist síðar, að viðgerðinni hafi vegna ófyrirsjáanlegra atvika ekki getað orðið lokið á þeim tíma, sem ákveðinn var í matsgjörðinni. Dagpeningar þessir mega þó aldrei fara fram úr 10% af skaðabótum þeim, sem greiddar eru fyrir tjónið. Annar kostnaður við skip og skipshöfn, siglingu í höfn til aðgerðar og dvölna þar er Samábyrgðinni óviðkomandi.

Skip, sem orðið hafa fyrir sætjóni, skulu að viðgerðinni lokinni aftur skoðuð og virt áður en Samábyrgðin tekst á hendur að halda áfram ábyrgðinni. Ef vátrygður hlutur er meira virði eftir viðgerðina heldur en hann var virtur í ábyrgðarskirteininu, getur vátryggjandi fengið verðmismuninn vátrygðan gegn því að greiða aukaiðgjald, sem nánara verður ákveðið. Vátryggingarhækkunina skal rita á ábyrgðarskirteinið.

Þá er sameiginlegt sætjón (havari grosse) ber að höndum, skal farið eftir hinum almennu reglum um það. Fyrir tjón og kostnað, sem ekki er

talið sameiginlegt sætjón, í matsgjörð (dispatche), er gjörð er lögum samkvæmt á 8 réttum stað, verða ekki heimtaðar skaðabætur með skírskotun til þess, að þetta 22. jan. sé sameiginlegt sætjón samkvæmt islenskum lögum.

Hernaðartjón og afleiðingar þess eru Samabyrgðinni óviðkomandi.

Stjórn Samabyrgðarinnar sker úr því, hver sé skaðabótaskylda Samabyrgðinnar og hvernig skaðabótum skuli haga, þegar engin ákvæði finnast um það í þessari reglugjörð, og skal hún hafa hliðsjón af þeim ákvæðum, sem á hverjum tíma standa í samþykktum og ábyrgðarskírteinum sjóvátryggingarfélaganna í Kaupmannahöfn og af hinum almennu reglum löggjafarinnar.

III. kafla.

Iðgjöld og fjársöfn.

13. gr.

Tryggingarfé Samabyrgðarinnar er 200000 kr. og er það sú fjárhæð, sem landssjóður má leggja til, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip, ef félagið getur ekki af eigin ramleik borgað þær skaðabætur, sem því er skylt að greiða.

Ef slík lán geta ekki orðið endurborguð af tekjum þess árs, sem lánin eru tekin á, skal borga þau af tekjuafgangi næsta árs, eða næstu ára, og greiða auk þess $4\frac{1}{2}\%$ í árlega vöxtu af þeim.

Varasjóður Samabyrgðarinnar verður til af þeim fjárhæðum, er nú skulu taldar:

1. Starfsfé það, er landssjóður lánar félaginu, og má vera allt að 20000 kr., er ávaxtast með $4\frac{1}{2}\%$ á ári og endurborgast af tekjuafgangi félagsins, þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20000 kr., enn þá fjárhæð má ekki skerða.
2. Innstæður í reikningi skipanna, og rennur þangað gjald það (1 eða 2% af vátryggingarfénu), sem heimtað er þegar skipin eru tekin í vátryggingu, og enn fremur 20% af ársarði félagsins, sem skift er á milli skipanna hlutfallslega eftir fjárhæð iðgjaldanna, sem fyrir þau eru greidd.
3. Afgangur sá, er samkvæmt ársreikningnum fyrir hvert ár kynni að verða eftir, þá er greiddar eru allar skaðabætur og allur kostnaður annar, þar með talin uppbót sú, sem færð er inn í reikning skipanna (sbr. 2. tölul.).
4. Tillag landssjóðs til kostnaðar við stjórn félagsins, sem fyrst um sinn er ákveðið 5000 kr. á ári.
5. Vextir af varasjóðnum og aðrir vextir og óvissar tekjur, er félaginu kynnu að áskotnast.

Varasjóður er til þess ætlaður að greiða af honum tekjuhalla þann, er kynni að vera í ársreikningi félagsins, svo sem nánara er kveðið á um í 17. gr.

8 Ef Samábyrgðin legst niður, fellur varasjóðurinn til Fiskiveiðasjóðs Íslands, 22. jan. þá er öllum skuldbindingum félagsins hefir verið fullnægt.

14. gr.

Iðgjaldið fyrir beinar váttryggingar ásamt inngöngugjaldi því, sem ákveðið er í iðgjaldaskránni, er fallið í gjalddaga þá er váttryggingarsamningurinn er undirskrifaður. Iðgjöldin eru reiknuð eftir iðgjaldaskrár þeim, sem gilda á hverjum tíma og staðfestar skulu af stjórnarráði Íslands. Veita má alt að 3 mán. borgunarfrest á hálfri iðgjaldafjárhæðinni gegn því, að greiddir séu 6% ársvextir af fjárhæðinni. Reglur einstakra váttryggingarféлага um útreikning á iðgjöldum eru lagðar til grundvallar fyrir upptöku meðlima þeirra í Samábyrgðina, og fær hún tiltölulega jafnmikinn hluta af iðgjöldunum eins og hún hefir tekið að sér mikinn hluta af ábyrgðunum á móts við ábyrgðarfélagið. Ennfremur er greitt í inngöngugjald 1% af þeirri fjárhæð, sem flutt er yfir til Samábyrgðarinnar. Senda skal Samábyrgðinni svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en 4 vikum eftir byrjun váttryggingarársins, en síðan vikulega, skýrslu um útreikning iðgjaldanna, ef þetta stendur ekki í sjálfu ábyrgðarskirteininu. Helminginn af þeim hluta, er Samábyrgðinni ber af iðgjöldunum, skal greiða þegar í stað, en hitt *má* færa inn í viðskiftareikning. Inngöngugjaldið fellur í gjalddaga um leið og beiðst er váttryggingar.

15. gr.

Ábyrgðarfélög þau, sem eru meðlimir Samábyrgðarinnar, ábyrgjast iðgjaldagreiðslu til hennar og eru skyld að standa skil á iðgjöldunum, hvort sem þau hafa sjálf fengið þau greidd af váttryggjendum eða eigi.

Váttryggingar má ekki ónýta nema með samþykki Samábyrgðarinnar.

16. gr.

Samábyrgðin tekur engan þátt í kostnaði þeim og fjártjóni, er leiðir af innheimtu iðgjaldanna fyrir ábyrgðarfélagin.

Váttryggingariðgjaldið hvílir á hinu váttrygða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar Samábyrgðinni hefir verið tilkynt, að váttrygt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almannafé, þar í talin lán íslenskra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr váttrygging fyrir þá sök, að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur nægilegur frestur til að greiða iðgjöldin.

17. gr.

Verði tekjuhalli á ársreikningi Samábyrgðarinnar áður en fastur varasjóður hennar er orðinn 20000 kr., skal jafna niður aukaiðgjaldi, og er það ákveðið í hlutfalli við þann hluta af váttrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án

endurtryggingar hjá öðrum. Aukaiðgjöldin mega eigi hærri vera neitt ár en helm- **8**
ingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt. **22. jan.**

Nú gengur váttryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af innstæðu í reikningi skipsins eða af eignum Samábyrgðarinnar.

18. gr.

Aukaiðgjöld þau, sem ræðir um í næstu grein á undan, falla í gjalddaga mánuði eftir að úrskurður hefir verið lagður á endurskoðaðan ársreikning félagsins. Ábyrgðarfélög þau, sem eru meðlimir Samábyrgðarinnar, bera einnig ábyrgð á þessum aukaiðgjöldum og annast greiðslu þeirra svo sem sagt er fyrir um í greininni.

19. gr.

Þegar váttrygðar eignir era veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins.

IV. kafli.

Gerðardómur.

20. gr.

Ágreining milli Samábyrgðarinnar og hinna íslenzku á byrgðarfélaga, sem eru í samvinnu við hana, eða einstaklinga, sem váttrygt hafa beinlínis hjá henni, skal leggja í gerð, þá er málsaðilar verða ásáttir um það, og ævinlega þá er ágreiningurinn nemur eigi meiru en 1000 kr.; í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr yfirdómi landsins oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Ef annar málsaðili hefir ekki valið sinn mann í gerðardóminn og tilkynt það svo, að sannanlegt sé, hinum málsaðila 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hefir fengið vitneskju um kjör andstæðings síns, þá hefir andstæðingur hans rétt til að kveðja báða gerðardómsmennina.

Ef ágreiningurinn hefir ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmannanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, hefir hinn gerðardómsmaðurinn rétt til að gera út um málið ásamt oddamanninum; ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

8 Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli
 22. jan. að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skifta honum
 milli beggja málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum gildir skilyrðislaust
 fyrir báða málsaðila sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

Í stjórnarráði Íslands, 22. janúar 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

9
 29. jan.

Reglugjörð

fyrir váttryggingarsjóð fyrir sjómenn

samkvæmt lögum 30. júlí 1909.

1. gr.

Samkvæmt 4. gr. í lögum 30. júlí 1909, um váttrygging fyrir sjómenn, stjórn-
 ar váttryggingarsjóðnum þriggja manna nefnd undir yfirumsjón landsstjórnarinnar,
 og kjósa þeir úr sínum flokki formann; féhirði og skrifara kjósa þeir einnig, en
 þeir mega vera utannefndarmenn, ef það þykir betur henta. Stjórnarnefndar-
 mennirnir hafa einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að fé váttrygging-
 arsjóðsins misfarist ekki.

2. gr.

Formaður kallar nefndarmenn á fundi þegar honum þykir þess við þurfa
 eða ef einhver úr nefndinni óskar þess; hann stjórnar fundum, undirskrifar bréf
 nefndarinnar ásamt öðrum nefndarmanni og ávísar gjöldum sjóðsins. Hann geymir
 fundabók og bréfabók nefndarinnar eða felur skrifara það.

3. gr.

Féhirðir tekur á móti gjaldi því, sem skráningarstjórar heimta saman
 eftir 3. gr. í nefndum lögum, og gjörir það arðberandi í sparissjóði eða með því að
 kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans, og skulu þau vera skrásett í